

ICELAND  
AIRWAUES



ICELAND SYMPHONY  
ORCHESTRA



**3. NÓVEMBER 2016**

# **BEDROOM COMMUNITY**

**&**

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS**

## Sinfóníuhljómsveit Íslands/Iceland Symphony Orchestra

---

### André de Ridder

hljómsveitarstjóri/conductor

---

### Bedroom Community

---

### Crash Ensemble

---

### Ben Frost

### Borgar Magnason

### Emily Hall

### Jodie Landau

### Nadia Sirota

### Nico Muhly

### Paul Corley

### Puzzle Muteson

### Sam Amidon

### Valgeir Sigurðsson

söngur og hljóðfæraleikur/  
vocalists and instrumentalists

---

### Áætluð tímalengd/Estimated duration:

Fyrri hluti / First half: 50'

Seinni hluti / Second half: 55'

### Aðalstyrktaraðili:

# GAMMA

## Bedroom Community & Sinfóníuhljómsveit Íslands

---

### Efnisskrá / Programme

**Paul Corley**

**Tristan Da Cunha**

(Nadia Sirota viola, Paul Corley elektróník / electronics)

**Emily Hall**

**Mantra**

(Kórus, Crash Ensemble, Nico Muhly stjórnandi / conductor)

**Nico Muhly**

**Mixed Messages**

(SÍ / ISO, André de Ridder)

**Puzzle Muteson**

**En Garde**

(Crash Ensemble, Nico Muhly piano / píanó, Puzzle Muteson söngur, gítar / vocals, guitar)

**Ben Frost**

**Leo Needs a New Pair of Shoes**

(Borgar Magnason bassi / bass, Ben Frost piano / píanó, Valgeir Sigurðsson elektróník / electronics)

**Nico Muhly**

**Keep in Touch**

(SÍ / ISO, André de Ridder, Nadia Sirota viola, Jodie Landau vocals)

Hlé / Intermission

**Jodie Landau**

**An Invitation**

(Crash Ensemble, Kórus, Jodie Landau söngur / vocals)

**Valgeir Sigurðsson**

úr/from **No Nights Dark Enough:  
infamy sings**

(SÍ / ISO, André de Ridder, Valgeir Sigurðsson elektróník / electronics)

**and fear and grief and pain**

(Valgeir Sigurðsson & Ben Frost elektróník / electronics)

**Valgeir Sigurðsson**

**For Love of Her**

(SÍ / ISO, André de Ridder, Jodie Landau vocals, Valgeir Sigurðsson elektróník / electronics)

**Daníel Bjarnason & Ben Frost** úr/from **Solaris:**

**Reyja**

(SÍ / ISO, André de Ridder)

**Sam Amidon**

**I See the Sign**

**Saro**

(Crash Ensemble, Nico Muhly piano / píanó, Sam Amidon söngur, gítar / vocals, guitar)

**Daníel Bjarnason**

**Emergence**

**Silence**

**Black Breathing**

**Emergence**

(SÍ / ISO, André de Ridder)



---

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS / ICELAND SYMPHONY ORCHESTRA

**S**infóníuhljómsveit Íslands var stofnuð vorið 1950 og hefur um árabíl verið í fremstu röð hljómsveita á Norðurlöndum. Hljómsveitin hefur fengið afbragðs dóma jafnt fyrir hljóðritanir sínar sem og tónleika heima og erlendis. Vorið 2011 varð Harpa heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sinfóníuhljómsveit Íslands hljóðritar reglulega fyrir alþjóðleg útgáfufyrirtæki, m.a. BIS, Chandos og Naxos. Fyrsti diskurinn með verkum Vincents d'Indy (Chandos), var tilnefndur til Grammy-verðlauna fyrir besta flutning sinfóníuhljómsveitar árið 2009. Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur nú í fjórða sinn fram á Iceland Airwaves hátíðinni. Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur nú í fimmta sinn fram á Iceland Airwaves hátíðinni. Árið 2011 lék hún þrjú verk eftir tvö ung íslensk tónskáld, og 2013 voru *Árstíðirnar fjórar endursamdar* eftir breska tónskáldið Max Richter og verk Ólafs Arnalds *For Now I am Winter* á efnisskránni. Ári síðar flutti hljómsveitin verkið *The Miners' Hymns* eftir Jóhann Jóhannsson, og í fyrra kom John Grant fram með hljómsveitinni og flutti eigin lög við frábærar undirtektir.

**F**ounded in 1950, The Iceland Symphony Orchestra, resident at Harpa concert hall in Reykjavik, has distinguished itself as one of the leading Nordic orchestras through its acclaimed performances and recordings. The Iceland Symphony Orchestra records regularly for BIS, Chandos and Naxos and the first volume of the complete orchestral music of Vincent d'Indy (Chandos), was nominated for a Grammy-award for Best Orchestral Performance in 2009. This year's performance is the orchestra's fifth contribution to the Iceland Airwaves. In 2011 three works of young Icelandic composers were on the programme and in 2013 the orchestra performed Max Richter's *The Four Seasons Recomposed* and *For Now I am Winter* featuring the composer Ólafur Arnalds as soloist. In 2014 the orchestra performed Jóhann Jóhannsson's *The Miners' Hymns*, and last year saw John Grant perform his own songs with the orchestra to great acclaim.



---

# ANDRÉ DE RIDDER

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI / CONDUCTOR

**A**ndré de Ridder er einkar fjölhæfur tónlistarmaður og sinnir helst nýrri tónlist af ýmsum gerðum. Hann er listrænn stjórnandi Musica nova Helsinki-hátíðarinnar, og hefur starfað náið með tónlistarmönnum á borð við Kaiju Saariaho, Uri Caine, Damon Albarn og Bryce Dessner, og stjórnar hljóm sveitum eins og BBC-sinfóníunni, Orchestre de Paris og Fílharmóníuhljóm sveitinni í New York. Á yfirstandandi tónleikaári hefur hann einnig stjórnað í fyrsta sinn Ensemble Intercontemporain, Finnisku útvarpshljóm sveitinni og Fílharmóníuhljóm sveitinni í New York.

André de Ridder stjórnaði fyrir á þessu ári heimsfrumflutningi á nýju verki eftir Kaiju Saariaho, *Only the Sound Remains*, við Hollensku þjóðaróperuna, og mun stjórna sama verki við Finnisku þjóðaróperuna að ári. Hann hefur stjórnað flutningi á hljóm diskum, m.a. *Árstíðirnar fjórar* í útsetningu Max Richters og hljóm sveitarverkum eftir Bryce Dessner og Jonny Greenwood úr Radiohead (báðir diskarnir hjá Deutsche Grammophon).

**A**ndré de Ridder is Artistic Director of the Musica nova Helsinki festival, and has formed close artistic relationships with a diverse range of artists such as Kaiju Saariaho, Uri Caine, Damon Albarn, and Bryce Dessner. He performs with orchestras such as the BBC Philharmonic, Orchestre de Paris, and New York Philharmonic. Debuts in the current season include Ensemble Intercontemporain, Finnish Radio Symphony, and Los Angeles Philharmonic.

In spring 2016, de Ridder gave the world premiere of Saariaho's *Only the Sound Remains* at Netherlands Opera, and will revive the work at Finnish National Opera in 2017. De Ridder's discography includes Max Richter's *The Four Seasons Recomposed* and an album of orchestral music by Bryce Dessner and Jonny Greenwood (both Deutsche Grammophon).



## BEDROOM COMMUNITY

Íslenska útgáfuforlagið Bedroom Community varð til árið 2006 í samstarfi Valgeirs Sigurðssonar við Nico Muhly og Ben Frost. Síðar bættust fleiri listamenn við: Sam Amidon, Daníel Bjarnason, Puzzle Muteson, Paul Corley, Nadia Sirota, James McVinnie, Emily Hall og Jodie Landau. Að baki hópnum standa skapandi einstaklingar frá ýmsum heimshornum, sem fást við ólíkar tegundir tónlistar en eiga margt sameiginlegt, og starfa að tónlist í stúdíói Valgeirs í Breiðholti, Gróðurhúsinu, þar sem tónlistin verður til.

**B**edroom Community is an Icelandic record label/collective formed in 2006 by Valgeir Sigurðsson, with Nico Muhly and Ben Frost. Later additions to the intimate roster have been Sam Amidon, Daníel Bjarnason, Puzzle Muteson, Paul Corley, Nadia Sirota, James McVinnie, Emily Hall and Jodie Landau. Like-minded, yet diverse individuals from different corners of the globe all creatively orbit around an inconspicuous building and its inhabitants on the outskirts of Reykjavík – Greenhouse Studios – where the music is mostly created.



## CRASH ENSEMBLE

**C**rash Ensemble er fremsti samtímatónlistarhópur Írlands, hópur framúrskarandi hljóðfæraleikara sem leika fram-sækna og spennandi tónlist. Tónskáldið Donnacha Dennehy stofnaði hópin 1997 og gegnir enn stöðu listræns ráðgjafa. Hópurinn hefur leikið inn á hljómdiska fyrir NMC, Cantaloupe og Nonesuch og hefur starfað með mörgum þekktum tónlistarmönnum úr ýmsum áttum, m.a. Steve Reich, Gavin Friday, Dawn Upshaw, Terry Riley, David Lang, Gavin Bryars, David Lang og Louis Andriessen.

**C**rash Ensemble is Ireland's foremost contemporary music ensemble; a group of world-class musicians who play the most adventurous, ground-breaking new music of today. Founded in 1997 by composer and Artistic Partner Donnacha Dennehy, the Ensemble features on recordings by labels such as NMC, Cantaloupe and most recently Nonesuch. The Ensemble has worked with many well-known artists from diverse musical backgrounds, such as Steve Reich, Gavin Friday, Dawn Upshaw, Terry Riley, David Lang, Gavin Bryars, David Lang and Louis Andriessen.



## NADIA SIROTA

**N**adia Sirota hefur vakið mikla athygli undanfarin ár fyrir flutning sinn á nýrri tónlist af ýmsum toga. Hún lærði víóluleik við Juilliard-tónlistarskólann í New York og hefur síðan komið fram með kammerhópnum Alarm Will Sound og yMusic, og með tónlistarmönnum á borð við Anohni, Jónsa og Arcade Fire. Hún hlaut Peabody-verðlaunin 2015 fyrir þáttaröðina Meet the Composer, þar sem hún ræðir við áhugaverð samtímatónskáld um list þeirra.

**N**adia Sirota has received great acclaim in recent years for her performance of new music. She received her undergraduate and Master's degrees from the Juilliard School, and is a member of the chamber sextet yMusic and the chamber orchestra Alarm Will Sound. She has lent her sound to recording and concert projects by such artists as Anohni, Jónsi and Arcade Fire. Nadia won a 2015 Peabody Award, broadcasting's highest honor, for her podcast Meet the Composer, from Q2 Music, which deftly profiles some of the most interesting musical thinkers living today.



---

## PAUL CORLEY

**P**aul Corley er bandarískt tónskáld og upptökumaður. Hann hefur starfað náðið með Bedroom Community-hópnum frá árinu 2007 en fyrsta útgáfa hans hjá fyrirtækinu er *Disquiet* frá 2012. Á plötunni má heyra varfærin tilbrigði fyrir breytt píanó, syrpu af innhverfum hægum sönglögum, og eins konar frumspekilega þjóðfræðiupptöku þar sem raunverulegt eða ímyndað landslag gefur tóninn. Sumir heyra kannski í fjarska fótspor Mortons Feldman, eða spurningu sem Anton Webern hefur skrifað í sandinn.

**P**aul Corley is an American composer and sound engineer. He has collaborated extensively with the Bedroom Community collective since 2007, and his first album on the label is *Disquiet* (2012). It is an album of delicate, primal (prepared) piano variations, a sequence of exquisitely reflective slow songs, and a metaphysical field recording where resonances are set off by real or imaginary geographical features. Some might discern in the distance the footsteps of Morton Feldman, or a question or two written in the sand by Anton Webern.



## EMILY HALL

**E**mily Hall stundaði tónsmíðar við York-háskóla og Royal College of Music í Lundúnum. Hún hefur samið fyrir fjölda tónlistarhópa og hljómsveita, m.a. London Sinfonietta, Lundúnasinfóníuna, Brodsky-kvartettinn, Opera North og Kór Ungverska útvarpsins. Fyrsta ópera hennar, *Sante*, var sett upp í Aldeburgh og árið 2015 samdi hún *Folie a Deux*, óperu/plötu í samvinnu við Sjón, fyrir söngvarana Sofíu Jernberg og Allan Clayton. Emily hefur hlotið Paul Hamlyn Foundation-verðlaunin (2013), Genesis óperuverðlaunin og tónsmíðaverðlaun Konunglega Filharmóníufélagsins.

**E**mily Hall studied composition at York University and the Royal College of Music, London. She has written for many different ensembles and orchestras including the London Sinfonietta, London Symphony, the Brodsky Quartet, Opera North, and the Hungarian Radio Choir. Her first opera, *Sante*, was produced by Aldeburgh Music; in 2015 she completed *Folie a Deux*, a concept album/opera, written with the Icelandic author Sjón for singers Sofia Jernberg and Allan Clayton. Emily has received the Paul Hamlyn Foundation Award for Artists (2013), the Genesis Opera Prize (2006) and the Royal Philharmonic Society Composition Award (2005).



## PUZZLE MUTESON

**P**uzzle Muteson er listamannsnafn dularfulls söngvaskálds frá Isle of Wight, sem syngur í titrandi tenórredd yfir fingerðan vef gítarspils. Hann fæddist í Lundúnum en það var á ensku eyjunni Isle of Dogs sem hann umbreyttist í einmanns-hljómsveitina Puzzle Muteson. Hann hefur síðan haldið í tónleikaferðir um Írland og Bretland, og gefið út sína fyrstu plötu hjá Bedroom Community, *En Garde*.

Puzzle Muteson is the alter ego of an enigmatic songwriter from the Isle of Wight, rendering his music in a tremulous tenor over a finely spun web of fingerpicked guitar. Born in London, Isle of Dogs, the southern English island provided unexpected shelter for the shuddering transformation into the one-man band Puzzle Muteson. Puzzle has since toured Ireland and the U.K., and released his debut recording for Bedroom Community, *En Garde*.





## BEN FROST

**B**en Frost fæddist árið 1980 í Melbourne en fluttist til Reykjavíkur 2005 og hefur tekið þátt í starfi Bedroom Community allt frá upphafi. Á plötum sínum, m.a. *Steel Wound* (2003), *Theory of Machines* (2007) og *BY THE THROAT* (2009), blandar hann saman spennuþrungnum hljóðskúlptúrum og herskárri elektróník. Árið 2010 valdi Brian Eno hann til að starfa undir verndarvæng sínum í heilt ár og einn afrakstur þess var *Solaris*, tónlist við sígilda kvikmynd Tarkovskíjs. Einn kafli þess verks verður leikinn á tónleikunum í kvöld. Frost hefur einnig samið við kvikmyndina *Sleeping Beauty* eftir Juliu Leigh (sem var tilnefnd til gullpálmans í Cannes) og *Djúpið* eftir Baltasar Kormák (ásamt Daníel Bjarnasyni). Árið 2013 leikstýrði hann eigin óperu, *The Wasp Factory*, sem er byggð á skáldsögu Iains Bank frá 1984.

**B**orn in 1980 in Melbourne, Australia, Ben Frost relocated to Reykjavík in 2005 and working together with close friends Valgeir Sigurðsson and Nico Muhly, formed the Bedroom Community record label/collective. His albums, including *Steel Wound* (2003), *Theory of Machines* (2007) and *BY THE THROAT* (2009) fuse intensely structured sound art with militant post-classical electronic music. In 2010 he was chosen by Brian Eno as part of the Rolex Mentor and Protégé program for a year of collaboration, one of the outcomes of which was *Solaris*, a re-scoring of the Tarkovsky classic. One movement from this project will be performed at tonight's concert. In film he composed the score from the Palme d'Or-nominated *Sleeping Beauty* by Julia Leigh, and *Djúpið* by Icelandic director Baltasar Kormákur (with Daníel Bjarnason). 2013 marked his debut as a director with the premiere of Frost's first opera, based on Iain Bank's infamous 1984 novel *The Wasp Factory*.



## JODIE LANDAU

**J**odie Landau er tuttugu og þriggja ára tónskáld, söngvari og slagverksleikari. Tónlist hans er undir áhrifum frá kammer-tónlist, rokki og djassi, og hann hefur samið fyrir tónleika, kvikmyndir, leikhús og dans. Jodie syngur og spilar á víbrafón og marimbu. Hann starfar með hinum virta tónlistarhópi wild Up sem flytjandi og tónskáld. Jodie lék á slagverk í rómaðri óperu Christopher Cerrone fyrir heyrnartól, *Invisible Cities*, sem var færð upp á Union Station í New York. Sumarið 2015 söng Jodie á ferðalagi með Þjóðarballettinum í Marseille og ICKamsterdam sem frumfluttu Extremalism með tónlist eftir Valgeir Sigurðsson.

**J**odie Landau is a 23-year old composer, vocalist, and percussionist. His music combines elements of chamber music, rock, and jazz for live performance, film, theater, and dance. As a solo performer, Jodie sings while playing vibraphone and marimba. Jodie works with the acclaimed modern music collective wild Up as a performer and composer. In fall 2013, Jodie was the multi-percussionist in The Industry's invisible opera for wireless headphones, *Invisible Cities* by Christopher Cerrone at Union Station. In June 2015, Jodie sang on tour with Ballet National de Marseille and ICKamsterdam performing the premiere of *Extremalism* with music by Valgeir Sigurðsson.



---

## SAM AMIDON

**S**am Amidon fæddist árið 1981 í Vermont í Bandaríkjunum. Foreldrar hans eru þjóðlagasöngvarar og sjálfur syngur hann og spilar á fiðlu, banjó og gítar. Hann hlaut nokkra frægð á unglingsárum sem fiðlari með hljómsveit sinni og gaf út fimm plötur með henni. Hann hefur síðan gefið út fjórar sólóplötur og kemur auk þess fram með indie-rokkhljómsveitunum Doveman og Stars Like Fleas. Árið 2009 frumflutti Amidon þjóðlagaskotna tónsmíð Nicos Muhly, *The Only Tune*, í Carnegie Hall í New York, og flutning hans er einnig að finna á plötu Bedroom Community, *Mothertongue*. Ári síðar kom út *I See The Sign*, þar sem hann vinnur með gömul lög og texta; meðal annars eru þar þrír söngvaleikir barna sem söngkonan Bessie Jones gerði vinsæla, en Amidon semur þá upp á nýtt og tjáir með þeim aukinn þroska og kvíða.

**B**orn in 1981 and raised in Vermont by folk-musician parents, Sam Amidon sings and plays fiddle, banjo, and guitar. As a teenager, Amidon rose to acclaim as a fiddler, releasing five albums with his band. Amidon has released four solo albums, and also plays in the New York-based indie-rock bands Doveman and Stars Like Fleas. In 2009, Amidon debuted Nico Muhly's reworked folk composition *The Only Tune* at Carnegie Hall, a composition also appearing on Muhly's 2009 Bedroom Community album *Mothertongue*. On Amidon's *I See The Sign* (2010), he works with old-time melodies and lyrics; the album features three children's singing games popularized by songstress Bessie Jones, recomposed by Amidon to expose maturity and unease.



## NICO MUHLY

**B**andaríska tónskáldið Nico Muhly (f. 1981) stundaði tónlistarnám hjá John Corigliano og Christopher Rouse við Juilliard-tónlistarháskólann í New York og var um skeið aðstoðarmaður Philips Glass. Hann hefur samið tónverk sérstaklega að beiðni t.d. Carnegie Hall, Wigmore Hall, Philadelphia-hljómsveitarinnar, og hann er yngsta tónskáldið til að hafa fengið pöntun frá Metropolitan-óperunni. Árið 2010 samdi hann óperuna *Two Boys*, og nú vinnur hann að nýrri óperu fyrir húsið, byggða á skáldsögu sem einnig var innblásturinn að kvikmynd Alfreds Hitchcock, *Marnie*. Hann hefur einnig starfað með tónlistarmönnum á borð við Björk, Anne Sofie von Otter, the Tallis Scholars, og Joanna Newsom. Nico hefur gefið út tvo geisladiska með tónlist sinni á Bedroom Community: *Speaks Volumes* kom út árið 2006 og tveimur árum síðar kom *Mothertongue* þar sem Sam Amidon er meðal flytjenda.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður flutt verk eftir Nico Muhly, *Wish You Were Here*, í Háskólabíói árið 2008. Stjórnandi var James Gaffigan. Nico hefur margoft komið fram hér á landi, leikið og stjórnað verkum sínum meðal annars í Hallgrímskirkju og Iðnó.

### THE MUSIC IN ICELAND

The Iceland Symphony Orchestra has performed a work by Nico Muhly once before: *Wish You Were Here*, in October 2008, with James Gaffigan conducting. Nico Muhly works in Iceland frequently and has performed his own works in a number of different venues, including Hallgrímskirkja and Iðnó.

Nico samdi hljómsveitarverkið *Mixed Messages* fyrir Philadelphia-hljómsveitina og var það frumflutt undir stjórn Yannick Nézet-Seguín árið 2015. Verkið er kraftmikið og fjölbreytt, og þaðan kemur líka innblásturinn að heiti verksins. Það merkir það sem á íslensku kallast „óskýr skilaboð“ í samskiptum fólks, og Nico bendir á að tónlist sé í edli sínu óræð og bjóði upp á ólíkar túlkánir. Hið óræða er einnig að finna í þessu verki, það sem einum þykir glaðvært upplifir einhver annar sem ógnandi, og þar fram eftir götunum.

*Keep in Touch* (2005) var samið fyrir Nadiu Sirota og elektróník, en Chris Thompson útsetti verkið fyrir kammerhópinn Alarm Will Sound árið 2015. Þetta er eins konar harmljóð, og uppbyggingin er gamalt tónlistarform frá barokkskeiðinu. Sjakonna er þegar sami hljómangangur er endurtekinn í sífellu og liggur til grundvallar heilu verki eða kafla. Hér kallast víólan á við söngrodd og Nico notfærir sér „ófullkomleika“ þeirra beggja, lætur víóluleikarann skrapa hljóðfærið og framkalla óvenjuleg hljóð, og notkun söngraddarinnar er sömuleiðis óvenjuleg.

**N**ico Muhly (b. 1981) studied composition at the Juilliard School with John Corigliano and Christopher Rouse, and worked subsequently as an editor and conductor for composer Philip Glass. He has received commissions from, among others, Carnegie Hall, Wigmore Hall, the Philadelphia Orchestra, and is the youngest composer ever commissioned by the Metropolitan Opera. His opera *Two Boys* (2010) was performed there to great acclaim, and he is currently at work on his third opera, *Marnie*, commissioned by the Metropolitan Opera for its 2019/20 season and based on the novel that

inspired Alfred Hitchcock's film of the same name. Nico Muhly has worked with artists as diverse as Björk, Anne Sofie von Otter, the Tallis Scholars, and Joanna Newsom. He has released two CDs on the Bedroom Community label: *Speaks Volumes* (2006) and *Mothertongue* (2008), which features singer Sam Amidon.

Muhly wrote his orchestral work *Mixed Messages* for the Philadelphia Orchestra and it was premiered in Philadelphia in 2015 by the orchestra under the direction of Yannick Nézet-Seguín. The title is, like the piece itself, multivalent. “Mixed messages’ is a phrase that you hear applied to any number of interpersonal encounters from the strictly business to the romantic,” Muhly notes. He is drawn to the notion that music can be interpreted along divergent, even contradictory paths simultaneously. “The materials can be seen as joyful but also menacing; each idea contains its own contradiction.”

*Keep in Touch* (2005) was originally written for Nadia Sirota and electronics, but arranged for sinfonietta by Chris Thompson in 2015. It is a lament, in the baroque form of a chaconne – constantly changing variations around a repeated cycle of chords. The viola shares the stage with a vocalist, and every dimension of the piece accentuates what Muhly calls the “in-betweenness” of two strange voices: the violist scrapes with her bow and is given awkward passagework, while the voice is reduced to abrupt, extemporaneous gestures.



---

## VALGEIR SIGURÐSSON

**V**algeir Sigurðsson (f. 1971) er tónskáld og upptökustjóri. Hann lærði klassískan gítarleik og lauk Tonmeister-prófi árið 1991. Hann hefur gefið út þrjá hljómdiska með eigin tónlist: *Ekvilíbríum* (2007), *Draumalandið* (2010) og *Architecture of Loss* (2013). *No Nights Dark Enough* er hálf tíma tónverk fyrir hljómsveit og rafhljóð, og aðeins hluti þess hljómar hér í kvöld. Innblásturinn sótti Valgeir í sönglag eftir breska endurreisnartónskáldið John Dowland, *Flow My Tears*, samið árið 1596 – undurfagurt lag um ást og sorg. Hið listræna svar Valgeirs má líta á sem eins konar endurreisnarsvar fyrir 21. öldina. Verkið var frumflutt af City of London Sinfonia undir stjórn Hugh Brunt, og kaflar þess verða á næstu plötu Valgeirs, *Dissonance*, sem kemur út í febrúar næstkomandi.

**V**algeir Sigurðsson (b. 1971) is an Icelandic composer and record producer. He studied classical guitar and completed a Tonmeister-degree in 1991. He has released three CDs of his own music: *Ekvilíbríum* (2007), *Draumalandið*



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Daníel Bjarnason stjórnaði frumflutningi á *Emergence* með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Myrkum músíkdögum 2011. Sí hefur einnig leikið nokkur önnur hljómsveitarverk Daníels, meðal annars píanó-konsertinn *Processions* (með Víking Heiðar Ólafsson í einleikshlutverki á Myrkum músíkdögum 2009), *The Isle is Full of Noises* (með Hamrahlíðarkórnum á Myrkum músíkdögum 2014) og *Collider* (í nóvember 2015).

## THE MUSIC IN ICELAND

The Iceland Symphony gave the world premiere of Daníel Bjarnason's *Emergence* at the Dark Music Days festival in 2011, under the direction of the composer himself. The orchestra has performed several of Daníel's works, including the piano concerto *Processions* (with Víkingur Ólafsson as soloist, in 2009), *The Isle is Full of Noises* (with the Hamrahlíð Choir, in 2014), and *Collider* (in November 2015).

(2010), and *Architecture of Loss* (2013). *No Nights Dark Enough* is a 30-minute piece for orchestra and electronics. It takes its title and inspiration from a song by the English Renaissance composer John Dowland, *Flow My Tears* written in 1596 – a haunting piece about sorrow and despair. Valgeir's work is an artistic response to Dowland's piece; a 21st century pavane, so to speak. The work was premiered in London by the City of London Sinfonia and Hugh Brunt, and parts of it will be included on Valgeir's next album, *Dissonance*, to be released in February 2017.

---

# DANÍEL BJARNASON

**D**aníel Bjarnason (f. 1979) hefur vakið mikla athygli fyrir hljómsveitarstjórn sína og tónsmíðar sínar síðustu ár. Hann hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Fílharmóníuhljómsveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi og Sinfóníettuna í Kraká auk Hljómsveitar Íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur starfað með fjölmörgum stjórnendum svo sem Gustavo Dudamel, James Conlon, John Adams og André de Ridder auk þess að eiga samstarf við ýmsar hljómsveitir á borð við Sigur Rós og Hjaltalín. Daníel stjórnadi í fyrra óperunni *Peter Grimes* eftir Britten, sem var samvinnuverkefni SÍ, Íslensku óperunnar og Listahátíðar í Reykjavík og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin nú nýverið. Daníel hefur gefið út þrjá hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013). Hann er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir sem slíkur margþættu hlutverki bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld.

*Emergence* (2011) var fyrsta verk Daníels fyrir stóra hljómsveit án einleikara. Áður hafði hann samið allmikið fyrir kammersveit, sem og píanókonsertinn *Processions*. Framvindan er hæg og völdug, útkoman á köflum eins og Bruckner fyrir 21. öldina. Sjálfur segist Daníel hafa viljað líkja eftir feiknastóru orgeli, „tónlist sem hljómaði eins og innan úr risatórri dómkirkju“. Um verkið segir hann að í fyrsta þættinum ríki „köld fegurð“; í öðrum þætti koma fyrir síendurteknir hljómar í ólíkum nótnagildum og andstæður í styrk og blæbrigðum. Síðasti kaflinn hefst á dulúðlegum strengjahljómum en áferðin verður völdugri og hljómarnir kunnuglegri eftir því sem fleiri hljóðfæri bætast við.

**D**aníel Bjarnason (b. 1979) has in recent years been in great demand as a composer and conductor. He has worked with and had his works performed by orchestras such as the Los Angeles and New York Philharmonic, the Toronto, Winnipeg, Melbourne, and Adelaide Symphony Orchestras, BBC Scottish SO and Crakow Sinfonietta. He has worked with conductors Gustavo Dudamel, James Conlon, John Adams, and André de Ridder and collaborated with the bands Sigur Rós and Hjaltalín. In 2015, Daníel conducted Britten's opera *Peter Grimes* at the Reykjavík Arts Festival, in collaboration with the Iceland Symphony and Icelandic Opera, a project which received the Icelandic Music Award. Daníel has released three CDs with Bedroom Community: *Processions* (2010), *Solaris* (2012), and *Over Light Earth* (2013). He is artist-in-residence at the Iceland Symphony Orchestra, where he is active both as conductor and composer.

*Emergence* (2011) was Daníel's first work for large orchestra without soloist. He had previously composed several works for chamber orchestra, as well as the piano concerto *Processions*. *Emergence* proceeds at a slow and stately pace; sometimes the music could be described as "Bruckner for the 21st century." Daníel's intention was to imitate the sound of a large organ, "a sound coming from inside a vast cathedral." According to the composer, the first movement exhibits a "cold beauty", the second movement is unified by repeated chords of varying durations, and strong contrasts of dynamics and timbre. The finale begins with mysterious string sounds, but gradually there emerges a more powerful texture made up of relatively traditional harmonies.

*Árni Heimir Ingólfsson*

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS / ICELAND SYMPHONY ORCHESTRA

## 1. FIÐLA/VIOLIN

Hulda Jónsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Martin Frewer  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Lin Wei  
Ágústa María Jónsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Mark Reedman  
Andrzej Kleina  
Laufey Sigurðardóttir

## 2. FIÐLA/VIOLIN

Joaquín Páll Palomares  
Vera Panitch  
Roland Hartwell  
Kristján Matthíasson  
Gunnhildur Daðadóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
Þórdís Stross  
Dóra Björgvinsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir

## VÍOLA/VIOLA

Daniel Schmitt  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Kathryn Harrison  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Vigdís Másdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir

## BEDROOM COMMUNITY

Ben Frost (elektróník, píanó/  
electronics, piano), Borgar Magnason  
(kontrabassi/double bass), James  
McVinnie (orgel/organ), Jodie  
Landau (söngur/vocals), Emily  
Hall (söngur/vocals), Nadia Sirota  
(víola /viola), Nico Muhly (píanó/  
piano), Paul Corley (elektróník/  
electronics), Puzzle Muteson (söngur,  
gítar/vocals, guitar), Sam Amidon  
(söngur, gítar/vocals, guitar), Valgeir  
Sigurðsson (elektróník/electronics),  
Daniel Rejmer (hljóðblöndun/sound  
mix), Colm O’Herlihy (production  
manager), Magnús Helgi Kristjánsson  
(ljósaáhönnun / lighting design)

## SELLÓ/CELLO

Sigurgeir Agnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Ólöf Sigurveinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Lovisa Fjeldsted

## BASSI/BASS

Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA/FLUTE

Áshildur Haraldsdóttir  
Melkorka Ólafsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ/OBOE

Felicia Greciuc  
Eydis Franzdóttir  
Daði Kolbeinsson

## KLARÍNETT/CLARINET

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT/BASSOON

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Kristian Oma Rønnes

## CRASH ENSEMBLE

Clíodhna Ryan (fiðla/violin), Lisa  
Dowdall (víola/viola), Kate Ellis (selló/  
cello), Malachy Robinson (kontrabassi/  
double bass), Susan Doyle (flauta/  
flute), Deirdre O’Leary (klarínnett/  
clarinet), Roddy O’Keeffe (básúna/  
trombone), Alex Petcu (slagverk/  
percussion)

## KÓRUS

S:  
Ásdís Björg Gestsdóttir, Ester  
Auðunsdóttir, Erla María Markúsdóttir,  
Kristín Björk Kristjánsdóttir, Katrín  
Helena Jónsdóttir, Ana Silvera, Eliza  
Bagg, Kate Manley, Margrét H. Blöndal

## HORN/HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## TROMPET/TRUMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA/TROMBONE

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA/TUBA

Nimrod Ron

## HARPA/HARP

Katie Buckley

## PIÁNÓ/PIANO/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR/TIMPANI

Eggert Pálsson

## SLAGVERK/PERCUSSION

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson

A:

Sigurlaug Thorarensen, Helga Björg  
Gylfadóttir, Elin Elisabet Einarsdóttir,  
Sara Marti Guðmundsdóttir,  
Elin Hansdóttir, Emily Hall, Birta  
Guðjónsdóttir

T:

Paul Evans, Marteinn Sindri Jónsson,  
Björn Thorarensen, Jodie Landau,  
Kieran Brunt, Matt Huxley, Öttar  
Sæmundsson

B:

Pétur Ben, Hlynur A. Vilmarsson,  
Valgeir Sigurðsson

Main sponsor

GAMMA



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Iceland Symphony Orchestra

Box office / Harpa Concert Hall / [sinfonia.is](http://sinfonia.is) / [harpa.is](http://harpa.is) / +354 528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó